Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Um kjarasamninga, sáttasemjara, ríkisstjórnina og aðila vinnumarkaðarins frá 7. áratugnum.

Bjarni Benediktsson – Stjórnmál – Kjarasaminga – Sáttasemjara – Aðila Vinnumarkaðarins

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Ræður og greinar 1940-1965
Askja 4-2, Örk 4

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Samningur sá, sem í nótt náðust milli fulltrúa ríkisstjórnarinnar, Alþýðusambandsins, Vinnuveitendasambandsins og vinnumálasambands samvinnufélaga á sér langan aðdraganda. Af hálfu ríkisstjórnarinnar má segja, að allt frá samningagerðinni í desember í vetur hafi verið til stöðugrar athugunar með hverjum hætti tryggja mætti vinnufrið um lengri tíð en, þá var um samið og skapa skilyrði til stöðvunar verðbólgunnar. Til þess að þetta mætti takast varð umfram allt að ná samvinnu við verkalýðshreyfinguna og samtök vinnuveitenda og var eftir föngum leitast við að koma möguleika til þess.

Er svo þegar miðstjórn Alþýðusambandsins samþykkti hinn 16. apríl að óska þess „að tekin verði þegar í stað upp viðræður milli ríkisstjórnarinnar og verkalýðshreyfingarinnar um tilraun til stöðvunar verðbólguþróunar og um réttlátar og óhjákvæmilegar launa- og kjarabætur". Ríkisstjórnin samþykkti að sjálfsögðu að

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2)

verða við þessari ósk og hefur síðan óslitilega verið unnið að lausn málsins. Auðvitað hefur það ekki verið vandalaust en vegna þess að allir aðilar hafa án flokksgreinarálits lagt sig fram um að ~~finna~~ finna málefnalega lausn hefur það tekist. Að vísu fer því fjarri að allur vandi sé enn leystur en hér er vissulega stigið stórt spor í rétta átt.

Menn verða þó að hafa í huga, að þessi samningur er einungis rammasamningur. Hann einn út af fyrir sig skuldbindur ekkert félag hvorki verkamanna né vinnuveitenda til ákvæðinnar samningsgerðar um þeirra deilumál. En aðilar samningsins hafa skuldbundið sig til að beita áhrifum sínum til þess að allir sér-samningar verði gerðir innan þess ramma og á þeim grundvelli, sem nú hefur verið lagður. Efndir þeirrar skuldbindingar hafa þegar orðið varðandi ~~þá samn~~ samninga verkalýðsfélaganna á Norður- og Austurlandi en þeir voru gerðir rétt fyrir hádegi í dag á grund-

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3)

velli heildarsamningsins, sem undirritaður var í nótt. Þessir samningar málmiðnaðar- og austanfélaganna voru sérstaklega erfiðir vegna þess að þar var verið að samræma sín á milli ~~sína~~ 26 sérsamninga og hefur verið unnið að því undanfarnar vikur undir forystu sáttasemjara ríkisins. Vafalaust vakna einnig einhver vandamál í sambandi við þá sérsamninga, sem eftir eru en ég efast ekki um, að þau verði leyst innan ramma og á grundvelli heildarsamningsins, og í þeim anda, sem gerð hans réði.

Um einstök atriði hans skal ég ekki ræða en vil þó láta uppi ánægju mína yfir, að nú er með samþykki allra stefnt að því að bæta einkum kjör þeirra, sem verst hafa verið settir og gera það með þeim hætti, að ~~ekki~~ engir aðrir geta talið á sig hallað, þar sem þeir hafa sambærileg hlunnindi ~~að~~ þegar áður.

Að lokum vil ég þakka öllum aðilum fyrir þann samhug og samstarfsvilja, sem þeir undantekningarlaust hafa nú sýnt. Vona ég, að árangurinn verði í samræmi við ~~þann einhug~~ óskir þeirra, sem að samningsgerðinni unnu, því að fyrir þeim vissulega ~~vakti~~ ~~á~~ efla og auka hag þjóðarinnar. ~~og góðvild, sem samningsgerðinni liggur til grundvallar.~~

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur